



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2024
2405006SA VRB
Málalykill: oo.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, 1095. mál.

Vísað er til tölvupósta frá nefndarsviði Alþingis, dags. 7. maí sl., þar sem annars vegar er óskað eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík, 1095. mál og hins vegar óskað eftir að fulltrúar sambandsins mæti fyrir nefndina þann 10. maí til að fara yfir málið.

Sambandið á því miður ekki kost á því að senda fulltrúa fyrir nefndina á umræddum tíma en vill þó koma því á framfæri við nefndina að eins og fram kemur í 5. kafla í athugasemendum við frumvarpið þá gerir sambandið ekki athugasemdir við efni frumvarpsins svo fremi að það sé unnið í góðu samstarfi við Grindavíkurbæ.

Vegna tilvísunar í greinargerð til þess að framkvæmdanefndin geti lagt til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði nýttur til að fjármagna ákveðin verkefni vill sambandið þó ítreka þá afstöðu sambandsins sem áður hefur komið fram að Jöfnunarsjóður sé ekki hamfarasjóður og því óeðlilegt að hann standi straum af auknum kostnaði sem falli til hjá Grindavíkurbæ eða öðrum sveitarfélögum vegna stöðunnar.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Benediktsdóttir
Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur